

## Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn miðvikudaginn 06. desember 2017, kl. 10:40 á Egilsstöðum.

Mættir: Björn Ingimarsson fh. Fljótsdalshéraðs, Páll Bj. Guðmundsson fh. Fjarðabyggðar, Vilhjálmur Jónsson fh. Seyðisfjarðarkaupstaðar, Lárus Heiðarsson fh. Fljótsdalshrepps, Jón Þórðarson fh. Borgarfjarðarhrepps og með umboð f.h. Vopnarfjarðarhrepps, Gauti Jóhannesson fh. Djúpavogshrepps, Sif Hauksdóttir fh. Breiðdalshrepps og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

### Dagskrá:

#### 1. Setning

Formaður Skólaskrifstofu Austurlands Jón Þórðarson setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gekk síðan til dagskrár.

#### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lögð var fram tillaga um Jón Þórðarson sem fundarstjóra og Sigurbjörn Marinósson sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

#### 3. Skýrsla stjórnar

Jón Þórðarson formaður flutti munnlega skýrslu.

#### 4. Ársreikningur SKA 2016

Forstöðumaður lagði fram ársreikning 2016 fram en reikningurinn er þegar áritaður af stjórn, forstöðumanni, skoðunarmönnum og endurskoðenda.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2016 eru:

Rekstrartekjur: 585.019.086,-

Rekstrargjöld: 605.508.384,-

Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði: ( kr. 18.386.870,-)

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

#### 5. Fjárhagsáætlun 2018

Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og útskýrði. Gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði kr. 63.656.735,- Tekjur og framlög, samtals kr. 537.256.735, rekstrargjöld samtals kr. 543.256.735,- mismunur kr. 6.000.000,- verði greiddur úr sjóði.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

#### 6. Skoðunarmenn

Borin var upp eftirfarandi tillaga:

Aðalmenn:

Póroddur Helgason Reyðarfirði

Andrea Borgþórsdóttir Reyðarfirði

Kristinn Briem Reyðarfirði

Sigurlaug Jónasdóttir Egilsstöðum

Samþykkt samhljóða.

Til vara:

#### 7. Önnur mál

Rætt var um atriði sem huga þarf að í samningi SKA til samræmis við sveitarstjórnarlög. Þetta eru ákvæði um endurskoðun löggiltra endurskoðenda (ársreikningur hefur alltaf verið endurskoðaður þó ákvæðið sé ekki inni), skoða að fella út skoðunarmenn og ganga formlega frá nýjum samningi um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um þjónustu við fatlað fólk en samningurinn rann út

2015. Samþykkt liggur fyrir um framlengingu án þess að nýr samningur hefur verið gerður og undirritaður. Einnig var rætt um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar.

Kl. 11:00 mættu félagsmálastjórar og fræðslustjórar á Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggðar á fundinn skv. boði og kynntu „sænska módelið“ og fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar. Fyrst kynnti Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri „sænska módelið“ með aðstoð Helgu Guðmundsdóttur fræðslustjóra. Í stuttu máli gengur það út á samstarf og samvinnu ólíkra fagstétta, þar sem mannauður og fjármunir eru nýttir sem best. Gripið er fljótt inn í og málum fylgt vel eftir. Þetta fyrirkomulag er sagt hafa gefist vel, dregið hefur úr skrifræði og tíminn nýttur betur í faglega úrvinnslu.

Helga Elísabet Guðlaugsdóttir félagsmálastjóri kynnti fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar með aðstoð Póroddar Helgasonar fræðslustjóra. Stefnan gengur í aðalatriðum út á forvarnir, snemmtæka íhlutun og samvinnu. Að allar fjölskyldur njóti virðingar og réttar í samfélagi Fjarðabyggðar. Áhersla er á að grípa strax inn í þar sem þörf er og mynduð eru teymi um einstaklinga, með þverfaglegri samvinnu.

Nokkrar umræður urðu um kynningarnar.

Gestum þökkun erindin og koman.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:20

Sigurbjörn Marinósson